


1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	4.043	3.883	160	4,1%
Laun og launatengd gjöld	16.572	16.013	559	3,5%
Annar rekstrarkostnaður	10.183	9.154	1.029	11,2%
Nettó útgjöld	22.711	21.283	1.427	6,7%

sem fellur undir málaflokk fatlaðs fólks en málaflokkurinn í heild var 386 m.kr. umfram fjárheimildir en eftir leiðréttingu á kjarasamningshækkunum er frávik 276 m.k.r eða 2,5%.

Tekjur voru 160 m.kr. yfir áætlun eða 4%. Frávik skýrist helst af tekjum frá ríkinu vegna úrskurðar á rýmkunardómum sem var 31 m.kr. og viðbótarframlagi sem var 18 m.kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna 2024. Tekjur heimahjúkrunar voru 123 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna kjarasamningshækkana og verður áætlunin leiðrétt til samræmis.

Laun og launatengd gjöld voru 559 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5% sem er lækkun um 50 m.kr. á milli ára. Frávik skýrist helst af búsetuþjónustu sem var 312 m.kr. umfram fjárheimildir, stuðningsþjónustu sem var 99 m.kr. umfram fjárheimildir og hjúkrunarheimilum, sem voru 48 m.kr. umfram fjárheimildir. Velferðarsvið greiddi 2.424 stöðugildi á móti 2.448 stöðugildum í áætlun. Yfirvinnustundir voru 139.422 tímar á móti 99.990 tímum í áætlun. Meðalveikindahlutfall var 8,4% á tímabilinu sem er það sama og frá fyrra ári, veikindahlutfallið samsvarar 203 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,8% á tímabilinu sem er aukning um 0,4% frá því í fyrra, en langtímaveikindahlutfallið samsvarar 68 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjors var alls 155 m.kr. á tímabilinu sem ekki var áætlað fyrir.

Annar rekstrarkostnaður var 1.029 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11% sem var hækkun um 550 m.kr. á frávikum milli ára. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistun á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, en kostnaður á tímabilinu var 1.688 m.kr. eða 861 m.kr. umfram fjárheimildir. Um er að ræða þriðja stigs þjónustu við börn með flóknar og fjölbættar þjónustuparfir sem búsett eru utan heimilis og ríkið mun greiða fyrir að hluta á árinu 2025. Frávik vegna akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra var 116 m.kr. umfram fjárheimildir eða 17%. Samkvæmt Pant er fjöldi notenda sem nýta sér akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra alls 1.516 sem var hækkun um 59 notendur og ferðafjöldi var 118.136 sem var aukning um 2.298 ferðir. Frávik vegna kjarasamningshækkana á þjónustusamning við Ás styrktarfélags að fjárhæð 110 m.kr. verður lesið inn á næsta tímabili.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýna niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar-júní 2025 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 24.686 m.kr. sem var 613 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%. Fjárhagsaðstoð var 670 m.kr. eða 35% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 144 m.kr. eða 16% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga en upphæðin fyrir tímabilið janúar - júní var metin 614 m.kr. miðað við um 550 einstaklinga á mánuði.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 22.711 m.kr. sem var 1.427 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,7%. Frávik skýrist helst af rekstrarniðurstöðu Barnaverndar Reykjavíkur sem var 1.042 m.kr. umfram fjárheimildir eða 61%. Samningar og styrkir voru 224 m.kr. umfram fjárheimildir eða 108%. Beðið er eftir innlestri á viðauka vegna kjarasamningshækkana að fjárhæð 110 m.kr.

Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr)	Raun 2025	Esk áætlun 2025	Mism. á raun og esk áætlun	%	Raun 2024	Mism. milli ára	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	3.547	3.484	63	1,8%	3.305	242	7,3%
Samningar, framlög og styrkir	3.001	2.777	224	8,1%	2.563	438	17,1%
Búsetuþjónusta	7.504	7.346	159	2,2%	7.069	436	6,2%
Félagsmiðstöðvar	373	372	0	0,1%	371	2	0,4%
Dagþjónusta	472	425	47	11,1%	465	7	1,5%
Heimahjúkrun	-14	-13	-1	4,2%	-6	-8	150,2%
Heimastuðningur	1.303	1.300	3	0,2%	1.248	55	4,4%
Hjúkrunarheimili	152	122	30	25,0%	210	-58	-27,6%
Þjónustuíbúðir	838	838	0	0,0%	672	166	24,7%
Hælsileitendur og flóttamannaverkefni	102	-3	104	-3852,7%	-90	192	-213,2%
Vistgreiðslur	1.688	828	861	104,0%	1.559	129	8,3%
Stuðnings- og stoðþjónusta	1.865	1.741	123	7,1%	1.736	128	7,4%
NPA	1.151	1.151	0	0,0%	981	170	17,3%
Ýmis úrræði	269	259	10	3,8%	197	73	36,9%
Önnur gjöld	459	656	-196	-30,0%	287	173	0,0%
Samtals	22.711	21.283	1.427	6,7%	20.567	2.144	10,4%

Helstu frávík

Búsetuþjónusta var 159 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Þjónustuhópurinn var 617 einstaklingar yfir tímabilið. Laun og launatengd gjöld voru 312 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5%. Frávík skýrast af yfirvinnu vegna veikinda en meðalveikindahlutfall var 8,2% á tímabilinu sem samsvarar 84 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,3% á tímabilinu sem samsvarar 24 stöðugildum. Veikindahlutfall fyrir sama tímabil er það sama á milli ára.

Dagþjónusta var 47 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11%. Þar af voru dagdeildir fyrir aldraða 13,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 77%. Laun og launatengd gjöld voru 9,8 m.kr. yfir áætlun. Meðalveikindahlutfall var 6,4% sem samsvarar einu stöðugildi og langtímaveikindi voru 1,4% á tímabilinu.

Dagþjónusta í málefnum fatlaðs fólks var 33,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Laun og launatengd gjöld voru 24 m.kr. umfram fjárheimildir eða 105%. Annar rekstrarkostnaður var 16,5 m.kr. umfram fjárheimildir eða 24% og skýrist frávikið helst af flutningum í Skeifuna. Meðalveikindahlutfall var 12,7% á tímabilinu sem samsvarar 11 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 5,3% á tímabilinu sem samsvarar fjórum stöðugildum.

Hjúkrunarheimili voru 30 m.kr. umfram fjárheimildir eða 25%. Droplaugarstaðir voru 57,8 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 23 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir vegna skekkju í vinnslu áætlunar ársins. Nýting rýma er 99,2% og stemma tekjur við uppgjör Sjúkratrygginga Íslands. Laun og launatengd gjöld voru 28 m.kr. yfir áætlun. Meðalveikindahlutfall var 8,2% sem samsvarar 10 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,6% á tímabilinu sem samsvarar þremur stöðugildum. Greidd laun vegna langtíma veikindaafleysinga voru um 14,5 m.kr. en daggjöld standa ekki undir þeim kostnaði.

Sjúkratryggingar hafa gert samkomulag við Reykjavíkurborg um að fresta frekari framkvæmd uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar til og með 31. desember 2025. Sjúkratryggingar halda áfram að greiða 8,6 m.kr. á mánuði til viðbótar við smæðarálag, húsnæðisgjöld og daggjöld vegna nýtingar átta hvíldar- og biðhjúkrunarrýma.

Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur voru í heild 861 m.kr. umfram fjárheimildir eða 104%. Í mars sl. var undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um þjónustu vegna barna með fjölbættan vanda. Ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölbættan vanda sem búsett eru utan heimilis, og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi, eigi síðar en 1. janúar 2026. Reykjavíkurborg ber gífurlegan kostnað vegna þjónustu við þennan hóp barna t.d. í formi vistgreiðslna til einkaaðila sem og reksturs heimila fyrir börn með fjölbættan vanda. Samkomulagið kveður á um að frá og með 1. júní stefnir ríkið að setja 1,7 ma.kr. aukalega við þær 500 m.kr. sem áður voru ráðstöfunar til vistunar barna utan heimilis fyrir allt landið.

Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd var 104 m.kr. umfram fjárheimildir. Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd var 50 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 65 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir vegna uppsagna samninga um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Skjólstaðingar fóru úr úrræðum borgarinnar um miðjan júní og tekjur minnkuðu nokkuð þann mánuð, en hafa farið lakkandi frá janúar. Laun og launatengd gjöld voru 13 m.kr. innan áætlunar.

Móttaka flóttafólks var 54 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 40 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur hafa farið hratt minnkandi vegna eldri samninga og flóttafólki hefur fækkað verulega. Laun og launatengd gjöld voru 12 m.kr. yfir áætlun.

Samningur við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks, sem fjármagnar þennan málaflokk, verður að öllum líkindum ekki endurnýjaður.

Stuðnings- og stoðþjónusta og þar með talin skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur voru 123 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7%. Laun og launatengd gjöld voru 1.310 m.kr. eða 99 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Frávik skýrist helst af stuðningsþjónustu. Meðalveikindahlutfall var 7,7% á tímabilinu sem samsvarar 14 stöðugildi. Langtímaveikindi voru 3,2% á tímabilinu sem samsvarar sex stöðugildum.

Annar rekstrarkostnaður var 556 m.kr. eða 26,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5%. Frávik skýrist helst af skammtímadvölum sem voru 37 m.kr. umfram fjárheimildir. Stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna voru sitthvorum 11,5 m.kr. umfram fjárheimildir.

Samningar og styrkir voru 224 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Þar af var frávik vegna akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra 116 m.kr. umfram fjárheimildir eða 17%. Fjöldi notenda sem nýta akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra var 1.516 sem er fjölgun um 59 notendur og ferðafjöldi var 118.136 sem er aukning um 2.298 ferðir. Frávik vegna kjarasamningshækkana á þjónustusamning við Ás styrktarfélag að fjárhæð 110 m.kr. verður lesið inn á næsta tímabili. Frávik vegna þjónustu við fötluð ungmenni með fjölþættan vanda voru 158 m.kr. umfram fjárheimildir eða 28%.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	133	79	54	68,6%
Laun og launatengd gjöld	7.665	7.331	324	4,4%
Annar rekstrarkostnaður	4.008	3.891	117	3,0%
Nettó útgjöld	11.530	11.144	387	3,5%

18 m.kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Laun og launatengd gjöld voru 7.665 m.kr. eða 324 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4%. Frávik skýrist helst af því að búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk var 291 m.kr. umfram fjárheimildir og dagþjónusta í málefnum fatlaðs fólks var 24 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7%. Greitt var fyrir 1.127 stöðugildi á móti 1.067 stöðugildum í áætlun. Yfirvinnustundir voru 75.254 tímar á móti 55.439 tímum í áætlun. Meðalveikindahlutfall var 8,6% á tímabilinu sem samsvarar 97 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,5% á tímabilinu sem samsvarar 28 stöðugildum. Kostnaður vegna langtímaveikinda var 105 m.kr. en áætlun fyrir tímabilið var 90 m.kr. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 94 m.kr. á tímabilinu sem ekki var áætlað fyrir.

Annar rekstrarkostnaður var 4.008 m.kr. eða 117 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,1%. Frávik vegna kjarasamningshækkana á þjónustusamning við Ás styrktarfélag að fjárhæð 110 m.kr. verður lesið inn á næsta tímabili. Frávik vegna þjónustu við fötluð ungmenni með fjölþættan vanda voru 158 m.kr. umfram fjárheimildir eða 28%.

Nettó útgjöld velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks voru 11.530 m.kr. sem var 387 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5%. Eftir er að lesa inn viðauka að fjárhæð 110 m.kr. og er þá leiðrétt frávik 273 m.kr. eða 2,5% sem er það sama samanborið við sama tímabil 2024.

Tekjur voru 133 m.kr. eða um 54 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist helst af úrskurði á rýmkunardómi sem var 31 m.kr. sem ríkið greiddi skv. samningi og viðbótarframlagi sem var

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir


Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	614	459	155	33,8%
Gjöld	2.589	3.248	-659	-20,3%
Nettó útgjöld	1.975	2.789	-814	-29,2%

sérstaks húsnæðisstuðnings námu 731 m.kr. Endurgreiðsla frá ríkinu mun koma til með að lækka kostnað vegna fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.345	1.769	-423	-23,9%
Áætlaðar tekjur v. endurgreiðslu 15 gr.	-614	-459	-155	33,8%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	252	347	-95	-27,3%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	246	234	13	5,4%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	14	24	-9	-39,7%
Nettó útgjöld	1.244	1.914	-670	-35,0%

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-júní 2025	Fjöldi jan-júní 2024	Br. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	2.295	2.880	-585	-20,3%
Fjárhagsaðstoð 6 mán. eða lengur	686	793	-107	-13,5%
Framfærslustyrkur	1.813	2.248	-435	-19,4%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	956	1.339	-383	-28,6%

efnahagsástand og mikil fækkun flóttafólks eru helstu ástæðunnar fyrir þeirri þróun.



Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Gjöld bundinna liða voru 2.589 m.kr. sem var 659 m.kr. eða 20% innan fjárheimilda. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 1.244 m.kr. og nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 1.858 m.kr. á öðrum ársfjórðungi sem var 515 m.kr. innan fjárheimilda eða 16,2%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Upphæðin fyrir tímabilið janúar-júní liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að endurgreiðslan gæti numið allt að 614 m.kr. m.v. um 550 einstaklinga á mánuði. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkaði um 3,2% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og tók hækkunin gildi þann 1. janúar 2025.

Framfærslustyrkur nam 1.345 m.kr. sem var 423 m.kr. eða 23,9% innan fjárheimilda. Notendum hefur fækkað um 435 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 19,4% og eru nú 1.813 notendur sem hafa fengið framfærslustyrk á árinu.

Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu sem eru 2.295, þar af fá 1.813 framfærslustyrk og 956 heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar. Línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði samanborið við sama tímabil í fyrra. Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar hefur fækkað ört á árinu, en batnandi

Heimildargreiðslur voru alls 513 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 252 m.kr. sem var 95 m.kr. innan fjárheimilda eða 27,3%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 246 m.kr. og voru 13 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,4%. Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 9 m.kr. eða 39,7%. Heimildargreiðslur í heild voru því 91 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fækkað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur á öðrum ársfjórðungi 2025 var 956 sem er fækkun um 383 notendur eða 28,6% miðað við annan ársfjórðung 2024.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Nettó útgjöld voru 731 m.kr. sem var 144 m.kr. eða 16,5 % innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	308	382	-74	-19,3%
Sérstakur húsnæðisstuðningur félagslegt leiguhúsnæði	423	493	-71	-14,3%
Nettó útgjöld	731	875	-144	-16,5%

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði var 308 m.kr. eða 74 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fækkaði um 50 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda sem fá sérstakan húsnæðisstuðning á tímabilinu, sem er 1.896 á almennum markaði og 2.105 í félagslegu húsnæði. Línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði samanborið við sama tímabil í fyrra.

Notendur sérstakur húsnæðisstuðningur. (fjöldi)	Fjöldi jan-jún 2025	Fjöldi jan-jún 2024	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisst. almennur markaður	1.896	1.946	-50	-2,6%
Sérstakur húsnæðisst. félagslegt leiguhúsnæði	2.105	2.107	-2	-0,1%
Samtals	4.001	4.053	-52	-1%

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði var 423 m.kr. eða 71 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fækkaði um tvo frá sama tímabili 2024.

Tekjumörk voru hækkuð um 4,3% í samræmi við lög um húsnæðisbætur og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2025. Eignamörk voru hækkuð um 4,3% í samræmi við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2025.

Ríkið hefur samþykkt að endurgreiða sveitarfélögum sérstakan húsnæðisstuðning sem veittur er erlendum ríkisborgurum í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhæðin fyrir tímabilið liggur ekki fyrir en áætlað er að endurgreiðslan gæti numið allt að 20 m.kr.

Fjöldi notenda á mánuði með sérstakan húsnæðisstuðning síðustu 12 mánuði

